



# Ljós úr myrkrinu

Jan. 16, 2013



Ekki er allt sem sýnist, sérstaklega í himingeimnum. Á auðu svæðunum á himninum eru áhugaverðustu fyrirbærin gjarnan falin. Þessi nýja og fallega ljósmynd sýnir glóandi ský úr geimryki fyrir framan skínandi stjörnur í bakgrunni. Með berum augum virðast þessi þykku ský

tóm og dimm en sum þeirra geyma björtustu geimpokur og heitustu ungu stjörnur alheimsins!

Stjörnur eru úr gasi svo það kemur ekki á óvart að þær verði til innan í þykkum gasskýjum. En gasskýin sem geta af sér stjörnur byrgja okkur líka sýn á það sem gerist innan í þeim. Sem betur fer fyrir okkur feykja stjörnurnar rykinu burt þegar þær verða heitari og skærari og birtast okkur þá í öllu sínu veldi.

Þyrping björtu ungu stjarnanna hægra megin á myndinni er gott dæmi um þetta. Skært, blátt ljós þeirra sést vel í stað þess að tynast innan í dökka gas- og rykskýinu í kring. Hægt er að sjá tvær björtustu stjörnurnar á heiðskirri nóttu með handsjónaukum. Þessar stjörnur eru mjög ungar, innan við milljón ára gamlar — þær eru ekki einu sinni enn orðnar smábörn í stjarnfræðilegum skilningi!

## COOL FACT

Stjörnumyndunarsvæði eins og þetta geta verið risavaxin! Í Tarantúlupokunni — sem þú getur séð [hér](#) — eru til dæmis mörg hundruð massamiklar stjörnur að myndast. Ef þú gætir ferðast á hraða ljóssins tæki það þig 650 ár að ferðast enda á milli í henni!

This Space Scoop is based on a Press Release from [ESO](#).

[ESO](#)



SPACE  
awareness



LC  
Las Cumbres  
Observatory



This website was produced by funding from the European Community's Horizon 2020 Programme under grant agreement n° 638653